



ÁGÆTI SJÓÐFÉLAGI

Eftirfarandi eru helstu upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á fyrstu sex mánuðum ársins. Eignir sjóðsins til greiðslu lífeyris námu 332 milljörðum króna í lok júní sl. samanborið við 310 milljarða í upphafi árs. Ávöxtun sjóðsins og verðbréfaleiðar í séreignardeild á fyrri ársþingi var 5,7% sem samsvarar 2,3% raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu. Nafnvöxtun innlánsleiðar í séreignardeild var 3,3% sem samsvarar 0,9% raunávöxtun á tímabilinu. Ávöxtunartölur eru fyrir sex mánaða tímabil og hafa ekki verið færðar upp til ársávöxtunar.

Á fyrri ársþingi 2011 hækkuðu erlendir hlutabréfamarkaðir og íslenska krónan veiktist gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Það leiddi til hækkunar á erlendu eignasafni sjóðsins á tímabilinu. Frá miðju ári hefur ávöxtun sjóðsins hins vegar lækkað í kjölfar verðlækkana á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Tölulegar upplýsingar eru samkvæmt óendurskoðuðu hálfársuppgjöri þar sem reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir um áramót.

MEGINÞÆTTIR ÚR STARFSEMI Á FYRRI ÁRSÞINGI 2011

Sjóðfélögum sem greiða iðgjöld fjölgaði um 1,8% miðað við sama tímabil á fyrra ári og greiddu rúmlega 32.000 sjóðfélagar að meðaltali á mánuði iðgjald til sjóðsins.

Iðgjaldgreiðslur námu átta milljörðum sem er hækkun um 6,4% miðað við sama tímabil á fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur námu 3,3 milljörðum og eru breytingar óverulegar á milli ára. Lífeyrisþegar voru 10.268 og hefur þeim fjölgað um 5,7% frá sama tímabil á fyrra ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist þannig: Ævilangur lífeyrir 66%, örorkulífeyrir 25%, makalífeyrir 8% og barnalífeyrir 1%.

Séreign: Iðgjöld námu 188 milljónum og útgreiðslur voru 368 milljónir. Meðtalið í útgreiðslum eru greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar séreignarsparnaðar.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 0,6 milljörðum og eru breytingar óverulegar á milli ára.

Fjárfestingar námu 21,8 milljörðum. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 11,9 milljörðum, í erlendum verðbréfum 1,9 milljörðum og í innlendum hlutabréfum 8,0 milljörðum. Sala verðbréfa nam 1,7 milljörðum.

Nafnávöxtun á fyrri ársþingi var 5,7% sem samsvarar 2,3% raunávöxtun og skiluðu allir eignarflokkar jákvæðri ávöxtun á tímabilinu. Tölur um ávöxtun eru fyrir sex mánaða tímabil og hafa ekki verið færðar upp til ársávöxtunar. Frá miðju ári hefur ávöxtun sjóðsins hins vegar lækkað í kjölfar verðlækkana á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Eignasafn sjóðsins í lok júní sl. skiptist þannig að innlend skuldabréf námu 54% eigna, erlend verðbréf 30%, innlend hlutabréf 6% og bankainnstæður 10%.

FRÆÐSLUFUNDIR LV

Haldnir voru tveir almennir fræðslufundir um lífeyrismál í maímánuði. Þar voru kynnt gagnleg atriði og fróðleikur varðandi upphaf lífeyristöku. Starfsmenn sjóðsins og Tryggingastofnunar ríkisins fluttu erindi og svöruðu fyrirspurnum. Húsfyllir var á báðum fundunum, sem haldnir voru á Hilton Nordica hótelinu í Reykjavík. Ljóst er að mikill áhugi er á kynningum af þessu tagi og verða fleiri slíkir fundir haldnir á næstunni.

Fræðslufundirnir verða auglýstir með góðum fyrirvara.

SJÓÐFÉLAGAVEFURINN

Sjóðfélagar hafa beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána á sjóðfélagavef á vef sjóðsins www.live.is.

Sé lykilorðið gleymt er hægt að fá sent nýtt lykilorð í heimabanka.

ÁRSFUNDUR 2011

Ársfundurinn var haldinn 16. mars sl. á Grand Hótel. Nálágast má fundargerð ársfundar og ársskýrslu á vef sjóðsins www.live.is.



VERTU UPPLÝSTUR SJÓÐFÉLAGI

Við vinnum markvisst að því að auka upplýsingaflæði og fræðslu til sjóðfélaga. Stór liður í því er að gera sjóðfélögum kleift að nálgast upplýsingar, fréttir og fróðleik á auðveldan hátt á vef sjóðsins og með því að skrá sig í áskrift á póstlista sjóðsins á www.live.is

Áskrifendur póstlistans fá upplýsingar um helstu nýmæli í starfsemi sjóðsins, auk þess að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV.

Að lokum hvetjum við þig til að nýta vef sjóðsins og fylgjast með starfseminni og réttindum þínum. Við hvetjum þig einnig til að hafa samband við okkur ef þig vantar nánari upplýsingar.

Með kveðju,

Guðmundur Þ. Þórhallsson
framkvæmdastjóri